STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1993

20. desember 1993 961 Nr. 502

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í Húnaflóa.

1. gr.

Frá og með 23. desember 1993 til og með 31. mars 1994 eru allar veiðar með línu bannaðar á neðangreindum svæðum í Húnaflóa. Svæðin afmarkast af strönd meginlandsins og línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

Svæði 1.

1. 66°19,70N – 22°12,00V
2. 66°19,70N – 21°00,00V
3. 66°08,00N – 21°02,50V
4. 66°08,00N – 21°21,10V
5. Gjögurviti

Svæði 2.

1. 65°44,50N – 21°20,00V (Bjarnarnes)
2. 65°40,00N – 21°01,00V
3. 65°54,00N – 20°54,00V
4. 65°55,00N – 20°41,00V
6. 65°40,00N – 20°38,00V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

B 66
Steindórsprent Gutenberg hf.

B 65